

GJALDSKRÁ

fyrir verkefni og þjónustu Mannvirkjastofnunar.

I. KAFLI

Almennt.

1. gr.

Gjald fyrir útselda vinnu sérfræðings.

Mannvirkjastofnun innheimtir gjald skv. gjaldskrá þessari sem nemur kr. 9.500 fyrir sérfræðing og kr. 5.800 fyrir fagritara á hverja klukkustund fyrir verkefni og þjónustu sem stofnuninni eru falin í lögum og reglugerðum og sem heimilt er að taka gjald fyrir.

2. gr.

Ferðakostnaður.

Mannvirkjastofnun innheimtir ferða- og upphaldskostnað í samræmi við reglur ferðakostnaðarnefndar fjármálaráðuneytisins.

3. gr.

Innheimta.

Eindagi gjalda skv. gjaldskrá þessari er 30 dögum eftir útgáfu reiknings.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga hafi gjöld ekki verið greidd á eindaga. Heimilt er að innheimta kostnað sem hlýst af innheimtu gjalda séu þau ekki greidd á eindaga.

Gjalddagar einstakra gjalda skv. gjaldskrá þessari eru eftirfarandi:

1. Gjalddagi lágmarksgjalds vegna byggingarleyfis er við móttöku umsóknar og gjalddagi byggingarleyfisgjalds við útgáfu byggingarleyfis en þó áður en leyfi er gefið út. Dragi umsækjandi umsókn sína til baka eða umsókn er synjað er lágmarksgjald ekki endurgreitt. Falli byggingarleyfishafi frá notkun byggingarleyfis eða byggingarleyfi fellur úr gildi er lágmarksgjald og byggingarleyfisgjald ekki endurgreitt.
2. Gjalddagi úttektargjalda áfangaúttekta er við útgáfu byggingarleyfis en þó áður en leyfi er gefið út.
3. Vottorð og staðfestingar á úttektum skulu greidd við afhendingu þeirra.
4. Gjalddagi skoðunargjalds er samhliða beiðni um skoðun.
5. Gjalddagi annarra gjalda skv. gjaldskrá þessari eru skv. ákvæðum um einstök gjöld.

Mannvirkjastofnun annast innheimtu gjalda skv. gjaldskrá þessari. Gjöldum skv. 52. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi, sbr. 3. mgr. 53. gr. laga um mannvirki.

II. KAFLI

Útgáfa leyfa, löggildingar, úttektir, námskeið o.fl. skv. lögum um mannvirki.

4. gr.

Námskeið fyrir byggingarstjóra.

Mannvirkjastofnun innheimtir gjald vegna námskeiðs sem stofnunin heldur fyrir byggingarstjóra í samræmi við 28. gr. laga um mannvirki. Námskeiðsgjald og gjald fyrir próftöku er kr. 20.000. Gjaldið skal greitt fyrir upphaf námskeiðsins.

5. gr.

Útgáfa starfsleyfa byggingarstjóra.

Mannvirkjastofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og útgáfu starfsleyfa fyrir byggingarstjóra skv. 28. gr. laga um mannvirki. Gjaldið skal vera:

- | | |
|---|-----------|
| a. Fyrir útgáfu starfsleyfis | kr. 8.300 |
| b. Fyrir endurnýjun starfsleyfis | kr. 8.300 |
| c. Fyrir endurskoðun og breytingu á starfsleyfi | kr. 8.300 |
- Gjaldið skal greitt við útgáfu starfsleyfis.

6. gr.

Útgáfa starfsleyfa skoðunarstofa.

Mannvirkjastofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og útgáfu starfsleyfa fyrir skoðunarstofur skv. 20. gr. laga um mannvirki. Lágmarksgjald skal vera:

- | | |
|---|------------|
| a. Fyrir útgáfu starfsleyfis | kr. 35.000 |
| b. Fyrir endurnýjun starfsleyfis | kr. 16.000 |
| c. Fyrir endurskoðun og breytingu á starfsleyfi | kr. 16.000 |

Hafi vinna við úttekt á aðstöðu vegna starfsleyfis í för með sér meiri kostnað en nemur gjaldi skv. 1. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr., ferðakostnað skv. 2. gr. og annan útlagðan kostnað skv. framlögðum reikningum. Þegar ljóst er að útgáfa leyfis hefur í för með sér umframvinnu skal umsækjanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu. Gjald fyrir vinnslu og útgáfu starfsleyfis skal greitt við útgáfu starfsleyfis.

7. gr.

Löggilding hönnuða og iðnmeistara.

Mannvirkjastofnun innheimtir gjald fyrir löggildingu hönnuða skv. 25. gr. laga um mannvirki, og iðnmeistara skv. 32. gr. sömu laga. Gjaldið er kr. 8.300. Gjaldið skal greitt við útgáfu löggildingar.

8. gr.

Útmælingar á mannvirkjum.

Mannvirkjastofnun innheimtir gjald fyrir útmælingu mannvirkja skv. 52. gr. laga um mannvirki. Skal gjaldið miðast við vinnuframlag og skal greitt tímagjald skv. 1. gr., ferðakostnað skv. 2. gr. og annan útlagðan kostnað Mannvirkjastofnunar skv. framlögðum reikningum. Áætlun um kostnað skal gefin út og kynnt við upphaf vinnunnar. Gjaldið skal greitt við lok vinnunnar.

9. gr.

Námskeið fyrir hönnuði.

Mannvirkjastofnun innheimtir gjald vegna námskeiðs sem stofnunin heldur fyrir hönnuði í samræmi við 26. gr. laga um mannvirki. Námskeiðsgjald er kr. 60.000 og gjald fyrir próftöku kr. 35.000. Gjöldin skulu greidd fyrir upphaf námskeiðsins. Greiðsla próftökugjalds er þó háð því að próftaka sé fyrirhuguð.

10. gr.

Úttektir á gæðastjórnunarkerfum byggingarfulltrúa.

Mannvirkjastofnun innheimtir gjald fyrir úttektir á gæðastjórnunarkerfum byggingarfulltrúa skv. 2. t. l. ákvæða til bráðabirgða í lögum um mannvirki. Lágmarksgjald fyrir úttekt er kr. 38.000. Gjaldið skal greitt við upphaf úttektar.

Hafi úttekt á gæðastjórnunarkerfi í för með sér meiri kostnað en nemur gjaldi skv. 1. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr., ferðakostnað skv. 2. gr. og annan útlagðan kostnað skv. framlögðum reikningum. Þegar ljóst er að úttektin hefur í för með sér umframvinnu skal viðkomandi gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu og skal gjald vegna umframvinnunnar greitt þegar úttekt er lokið.

11. gr.

Úttektir á gæðastjórnunarkerfum hönnuða.

Mannvirkjastofnun innheimtir gjald fyrir úttektir á gæðastjórnunarkerfum hönnuða skv. 17. gr. laga um mannvirki. Lágmarksgjald fyrir úttekt er kr. 38.000. Gjaldið skal greitt við upphaf úttektar.

Hafi úttekt á gæðastjórnunarkerfi í för með sér meiri kostnað en nemur gjaldi skv. 1. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr., ferðakostnað skv. 2. gr. og annan útlagðan kostnað skv. framlögðum reikningum. Þegar ljóst er að úttektin hefur í för með sér umframvinnu skal viðkomandi gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu og skal gjald vegna umframvinnunnar greitt þegar úttekt er lokið.

12. gr.

Úttektir á gæðastjórnunarkerfum byggingarstjóra.

Mannvirkjastofnun innheimtir gjald fyrir úttektir á gæðastjórnunarkerfum byggingarstjóra skv. 17. gr. laga um mannvirki. Lágmarksgjald fyrir úttekt er kr. 29.000. Gjaldið skal greitt við upphaf úttektar.

Hafi úttekt á gæðastjórnunarkerfi í för með sér meiri kostnað en nemur gjaldi skv. 1. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr., ferðakostnað skv. 2. gr. og annan útlagðan kostnað skv. framlögðum reikningum. Þegar ljóst er að úttektin hefur í för með sér umframvinnu skal viðkomandi gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu og skal gjald vegna umframvinnunnar greitt þegar úttekt er lokið.

13. gr.

Úttektir á gæðastjórnunarkerfum iðnmeistara.

Mannvirkjastofnun innheimtir gjald fyrir úttektir á gæðastjórnunarkerfum iðnmeistara skv. 17. gr. laga um mannvirki. Lágmarksgjald fyrir úttekt er kr. 19.000. Gjaldið skal greitt við upphaf úttektar.

Hafi úttekt á gæðastjórnunarkerfi í för með sér meiri kostnað en nemur gjaldi skv. 1. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr., ferðakostnað skv. 2. gr. og annan útlagðan kostnað skv. framlögðum reikningum. Þegar ljóst er að úttektin hefur í för með sér umframvinnu skal viðkomandi gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu og skal gjald vegna umframvinnunnar greitt þegar úttekt er lokið.

14. gr.

Útgáfa byggingarleyfis o.fl.

Mannvirkjastofnun innheimtir gjald vegna yfirferðar á hönnunargögnum og útgáfu byggingarleyfis, vegna úttekta á mannvirkjum og vegna eftirlits með mannvirkjum á hafi utan sveitarfélagsmarka og á varnar- og öryggissvæðum, sbr. 52. gr. laga um mannvirki. Gjaldið er eftirfarandi:

1. Byggingarleyfi:
 - a. Lágmarksgjald við móttöku umsóknar um byggingarleyfi kr. 11.000.
 - b. Byggingarleyfisgjald fyrir nýbyggingu eða viðbyggingu kr. 80 fyrir hvern m³. Rúmmetragjald skal reikna af brúttórúmmáli, sbr. ákvæði ÍST 50.
 - c. Gjald vegna endurnýjunar byggingarleyfis kr. 11.000. Sé þörf á yfirferð hönnunargagna við endurnýjun skal sú vinna greidd sérstaklega.
2. Yfirferð uppdráttar og annarra hönnunargagna:
 - a. Burðarþols-, lagna- og séruppdrættir aðalhönnuða. Gjald miðast við vinnuframlag og tímagjald skv. 1. gr. og skal áætlun um kostnað kynnt við upphaf vinnu.
 - b. Breytingar á innra skipulagi. Gjald miðast við vinnuframlag og tímagjald skv. 1. gr. og skal áætlun um kostnað kynnt við upphaf vinnu.
 - c. Slökkvikerfi. Gjald miðast við vinnuframlag og tímagjald skv. 1. gr. og skal áætlun um kostnað kynnt við upphaf vinnu.
3. Úttektir og vottorð:

a. Lágmarksgjald vegna hvernar áfangauúttektar	kr. 10.000
b. Lágmarksgjald vegna öryggisúttektar	kr. 20.000
c. Lágmarksgjald vegna lokaúttektar	kr. 30.000
d. Lágmarksgjald vegna úttektar við meistaraskipti	kr. 10.000
e. Lágmarksgjald vegna byggingarstjóraskipta	kr. 20.000
f. Gjald fyrir vottorð og staðfestingu á úttektum skv. liðum a.– e.	kr. 10.000

Hafi vinnan í för með sér meiri kostnað en nemur gjaldi skv. 1. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr., ferðakostnað skv. 2. gr. og annan útlagðan kostnað skv. framlögðum reikningum. Þegar ljóst er að vinnan hefur í för með sér umframvinnu skal umsækjanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar byggingarleyfi er gefið út.

15. gr.

Staðfesting á samræmi byggingarvöru.

Mannvirkjastofnun innheimtir gjald fyrir staðfestingu á samræmi byggingarvöru, sbr. 8. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í lögum um mannvirki. Skal gjaldið miðast við vinnuframlag og skal greitt tímagjald skv. 1. gr. Lágmarksgjald vegna vinnunnar er kr. 38.000. Gjaldið skal greitt við upphaf vinnunnar.

Hafi vinna við staðfestingu skv. 1. mgr. í för með sér meiri kostnað en nemur gjaldi skv. 1. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að vinnan hefur í för með sér umframkostnað skal viðkomandi gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu við fyrsta tækifæri og skal gjald vegna umframvinnunnar greitt við lok vinnunnar.

III. KAFLI

Útgáfa leyfa, löggildingar, námskeið, viðurkenningar o.fl. skv. lögum um brunavarnir.

16. gr.

Útgáfa starfsleyfa þjónustuaðila brunavarna.

Mannvirkjastofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og útgáfu starfsleyfa fyrir þjónustuaðila brunavarna skv. 38. gr. a. laga nr. 75/2000 um brunavarnir. Lágmarksgjald skal vera:

- | | |
|---|------------|
| a. Fyrir starfsleyfi sem veitt er í fyrsta skipti | kr. 35.000 |
| b. Fyrir endurnýjun starfsleyfis | kr. 16.000 |
| c. Fyrir endurskoðun og breytingu á starfsleyfi | kr. 16.000 |

Hafi vinna við úttekt á aðstöðu vegna starfsleyfis í för með sér meiri kostnað en nemur gjaldi skv. 1. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr., ferðakostnað skv. 2. gr. og annan útlagðan kostnað skv. framlögðum reikningum. Þegar ljóst er að útgáfa leyfis hefur í för með sér umframvinnu skal umsækjanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu. Gjald fyrir vinnslu og útgáfu starfsleyfis skal greitt við útgáfu starfsleyfis.

17. gr.

Úttekt á gæðastjórnunarkerfum þjónustuaðila brunavarna.

Mannvirkjastofnun innheimtir gjald fyrir úttektir á gæðastjórnunarkerfum þjónustuaðila brunavarna skv. 38. gr. a. laga um brunavarnir. Lágmarksgjald fyrir úttekt er kr. 38.000. Gjaldið skal greitt við upphaf úttektar.

Hafi úttekt á gæðastjórnunarkerfi í för með sér meiri kostnað en nemur gjaldi skv. 1. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr., ferðakostnað skv. 2. gr. og annan útlagðan kostnað skv. framlögðum reikningum. Þegar ljóst er að úttektin hefur í för með sér umframvinnu skal viðkomandi gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu og skal gjald vegna umframvinnunnar greitt þegar úttekt er lokið.

18. gr.

Námskeið fyrir þjónustuaðila brunavarna.

Mannvirkjastofnun innheimtir gjald vegna námskeiðs sem stofnunin heldur fyrir þjónustuaðila brunavarna í samræmi við 38. gr. a. laga um brunavarnir. Námskeiðsgjald er kr. 12.000 fyrir hvern námskeiðsdag. Gjaldið skal greitt fyrir upphaf námskeiðsins.

19. gr.

Löggilding slökkviliðsmanna.

Mannvirkjastofnun innheimtir gjald fyrir löggildingu slökkviliðsmanna skv. 14. gr. laga um brunavarnir. Gjaldið er kr. 8.300. Gjaldið skal greitt við útgáfu löggildingar.

20. gr.

Eldvarnaeftirlit og öryggismat vegna mannvirkja í tengslum við kolvetnisstarfsemi.

Mannvirkjastofnun innheimtir gjald fyrir yfirferð og samþykki öryggismats og endurskoðun öryggismats vegna mannvirkja innan efnahagslögsögu og landgrunnsmarka sem eru fyrirhuguð eða tilkomin vegna rannsókna og vinnslu kolvetnis, sbr. 13. gr. a. laga um brunavarnir. Lágmarksgjald vegna vinnunnar er kr. 100.000. Gjaldið skal greitt við upphaf vinnunnar.

Hafi vinna við yfirferð og samþykki öryggismats eða endurskoðun öryggismats í för með sér meiri kostnað en nemur gjaldi skv. 1. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr., ferðakostnað skv. 2. gr. og annan útlagðan kostnað skv. framlögðum reikningum. Þegar ljóst er að útgáfa leyfis hefur í för með sér umframvinnu skal umsækjanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu og skal gjald vegna umframvinnunnar greitt þegar úttekt er lokið.

21. gr.

Viðurkenning vegna brunaöryggis vöru.

Mannvirkjastofnun innheimtir gjald vegna viðurkenningar á brunaöryggi vöru skv. 22. gr. laga um brunavarnir. Lágmarksgjald er kr. 38.000. Gjaldið skal greitt við upphaf vinnunnar.

Hafi vinnan í för með sér meiri kostnað en nemur gjaldi skv. 1. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr., ferðakostnað skv. 2. gr. og annan útlagðan kostnað skv. framlögðum reikningum. Þegar ljóst er að viðurkenningin hefur í för með sér umframvinnu skal viðkomandi gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu og skal gjald vegna umframvinnunnar greitt þegar vinnunni er lokið.

IV. KAFLI

Önnur verkefni.

22. gr.

Ljósrit eða afrit af skjölum.

Fyrir ljósrit eða afrit af skjölum skv. beiðni á grundvelli upplýsingalaga, nr. 50/1996, eða laga nr. 23/2006 um upplýsingarétt um umhverfismál, er heimilt að krefjast kr. 30 fyrir hverja blaðsíðu í stærðinni A4 eða A5. Fyrir ljósrit eða afrit skjala í stærðinni A3 er heimilt að krefjast kr. 60 fyrir hverja blaðsíðu.

Þegar skjal er endurritað skv. beiðni eða afrit staðfest er heimilt að krefjast kr. 150 fyrir hverja blaðsíðu.

Fyrir afrit af öðrum gögnum en skjölum, s.s. myndum, teikningum, örfilum, myndböndum og hljódupptökum, má heimta þann kostnað sem af afrituninni leiðir.

Þegar fjölföldunaraðstaða er ekki fyrir hendi eða umfang verks er slíkt er heimilt að fela öðrum að annast ljósritun, afritun eða endurritun skjala eða annarra gagna.

Fyrir aðkeypta þjónustu skal greitt skv. framlögðum reikningi þess er hana annast.

23. gr.

Virðisaukaskattur.

Virðisaukaskattur leggst ekki á gjöld skv. gjaldskrá þessari.

V. KAFLI

Gildistaka og lagastoð.

24. gr.

Lagastoð.

Gjaldskrá þessi er sett skv. heimild í 52. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki og 38. gr. a. laga nr. 75/2000 um brunavarnir. Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisstjórnuneytinu, 24. mars 2011.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir.